

Mættir: Harpa Reynisdóttir skólastjóri, Karl Eiríksson fulltrúi starfsfólks, Monika Jónsdóttir fulltrúi kennara, Patricia Anna Þormar fulltrúi foreldra, Bjarni Magnússon FORMEL, Martin Swift fulltrúi grenndarsamfélagsins og Málfríður Sólnes Friðriksdóttir fulltrúi nemenda.

- **Umsögn skólaráðs** vegna fyrirhugaðrar tillögu skóla- og frístundasviðs um að hætt verði skólaakstri úr Litla Skerjafirði í Melaskóla frá og með næsta skólaári.

Fulltrúar foreldra gera eftirfarandi athugasemdir við tillöguna:

Leiðin úr litla Skerjafirði yfir í Melaskóla er yfir Suðurgötu sem er mikil umferðargata. Undirgöngin eru einnig ekki raunhæfur kostur þar sem nemendur þyrftu að koma sér inn og út úr þeim með því að fara fyrst inn í byggingar sem tilheyra Háskóla Íslands og væri það mjög úr leið að þurfa koma sér til og frá Háskólatorgi og einnig væri mjög óráðlegt að láta nemendur þurfa koma sér frá Veröld g labba meðfram Brynjólfsgötu sem á þeim tíma er þung umferð háskólanema á leið í skólann og svo áfram yfir Dunhaga og Fornhaga þar sem öll bílaumferð í Hagaskóla liggur um og að lokum yfir Neshaga þar sem vitað er að er alltof mikil umferð á morgnanna vegna skólaskutls og íbúa Vesturbæjar á leið í vinnu. Við teljum því að matið að þetta sé ekki erfiðari gönguleið en gengur og gerist sé rangt.

Árið 2019 þegar skóla og frístundasvið lagði til að leggja niður allan skólaakstur á höfuðborgarsvæðinu var haft samband við Strætó bs. sem sá ekki hvernig hægt væri að bæta þessum fjölda barna við í vagnana sem fara á morgnanna sem oftast eru fullir af farþegum þegar (strætó tekur um 49/53 farþegar) sem og hafa sætisbelti til að uppfylla öryggiskröfur og tilbúin að bera ábyrgð á öryggi svona ungra barna í, úr og á meðan á akstrinum stendur. Stór hópur barna sem nýtir skólabílinn eru í 1. og 2. bekk, 20 börn á næsta skólaári.

Harpa tekur saman athugasemdir og setur saman umsögn skólaráðs.

- **Samantekt frá skólaárinu**

Samkvæmt Hörpu skólastjóra hefur skólaárið gengið vel. Það starfsfólk sem hóf störf í upphafi skólaársins hefur flest aðlagast vel og hefur eftir starfsmannahópin enn frekar. Þeir 10 starfsmenn sem hófu störf á skólaárinu munu allir halda áfram. Harpa segir frá stefnu skólans að fastráða sem flesta stuðningsfulltrúa til að efla það góða starf sem þau inna af hendi.

Harpa segir frá verkefninu Lestrarvinum sem hefur gengið vel verið vinsælt hjá bæði nemendum og sjálfboðaliðum. Skólinn hyggst halda áfram með það á næsta skólaári.

Melaskóli hlaut hvatningarverðlaun skóla- og frístundasviðs fyrir verkefnið Ísland áður fyrr.

Melaskóli, Háteigsskóli og nemendur í 6. bekk taka þátt í samnorðnu verkefni sem kallast SPIN (Sprogvenner í Norden). Nemendur frá Færeyjum og Danmörku komu í heimsókn í mars og á næsta skólaári fara nemendur okkar í heimsókn til Danmerkur.

Samvinnan heldur áfram á næsta skólaári. Fulltrúi nemenda segir frá verkefninu og hvernig þeir nemendur sem verða sendiherrar skólans í Danmörku voru valdir.

Skólaárinu lýkur með vorhátíð 5. júní og skólaslitum 6. júní.

- **Undirbúningur næsta skólaárs**

Stjórnendur eru að ganga frá ráðningum fyrir næsta skólaár. Töluvert af starfsfólk er að hætta bæði sökum aldurs og annarra ástæðna. Skólinn auglýsti eftir umsónarkennurum fyrir páska og bárust alls 14 umsóknir og þarf af átta frá einstaklingum með leyfisbréf. Starf deildarstjóra stoðþjónustu var einnig auglýst og verið er að ganga frá ráðningu.

Verið er að ganga frá ráðningu deildarstjóra stoðþjónustu.

Melaskóli heldur áfram með innleiðingarátætlun og vinnu með endurskoðuð greinasvið aðalnámskrár grunnskóla með starfsfólki skólans. Harpa segir aðeins frá þeirri vinnu sem Óskar deildarstjóri fagstarfs stýrir af mikilli röggsemi.

Undirbúningur vegna 80 ára afmælis skólans 5. október 2026. Skipa þarf afmælisnefnd í haust. Mikilvægt að fá fulltrúa foreldra, nemenda og starfsfólk í þá nefnd.

- **Önnur mál**

Foreldrar spyrja um húsnæðismál. Harpa segir frá að skólinn bíði eftir fundi og svörum við ósk skólans um að framkvæmdir haldi áfram. Vonandi verður sá fundur á næstu dögum og stjórnendur upplýsa skólasamfélagið um niðurstöður fundarins eins fljótt og auðið er.